



**Samanburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarþjónusta á árunum
2023 - 2025**

Efnisyfirlit

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta.....	4
Fjöldi tilkynninga eftir kynjum	4
Fjöldi tilkynninga eftir landsvæðum	4
Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði	5
Fjöldi barna skipt eftir kynjum	5
Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun ...	6
Ástæður tilkynninga ¹	6
Ástæður tilkynninga, undirflokkar	7
Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu	10
Tilkynnendur	11

Barnaverndarþjónustur landsins eru 23 talsins og skila þær mánaðarlega tölulegum upplýsingum, svokallaðri *sískráningu* til Barna- og fjölskyldustofu varðandi fjölda tilkynninga sem berast til barnaverndar. Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndar skv. sískráningu á árunum 2023, 2024 og 2025¹. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarþjónustanna sem eru birtar árlega á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningum til barnaverndar fjölgaði um 10,0% á árinu 2025 miðað við árið á undan, en tilkynningar á árinu 2025 voru 18.429 talsins. Fjölgunin er sambærileg og á milli árunna 2023 og 2024 þegar tilkynningum fjölgaði um 9,9%. Fjölgun tilkynninga var helst í nágrenni Reykjavíkur (15,4%), ólíkt því sem sjá mátti fyrir ári síðan þegar fjölgun tilkynninga milli 2023 og 2024 átti sér helst stað í Reykjavík.

Flestar tilkynningar á árinu 2025 voru vegna vanrækslu á börnum eða 38,0% allra tilkynninga og er það aðeins lægra hlutfall en á árunum 2023 og 2024. Næst flestar tilkynningar voru vegna áhættu hegðunar barns, eða 35,5%, og hefur það hlutfall hækkað undanfarin ár eða úr 32,4% árið 2023. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 25,6% og vegna ófæddis barns 0,8%, svipað og fyrri ár.

Fjöldi tilkynninga vegna vanrækslu fjölgaði lítillega milli ára, eða um 2,8%. Tilkynningum vegna tilfinningalegrar vanrækslu fjölgaði þó um 48,8% á milli árunna 2024 og 2025 og hefur þeim fjölgað um 94,5% ef 2025 er borið saman við árið 2023. Tilkynningum vegna líkamlegrar vanrækslu fjölgaði um 36,4% á árinu 2025 eftir 17% fækkun milli 2023 og 2024.

Tilkynningum vegna ofbeldis gegn börnum á árinu 2025 fjölgaði um 13,7% miðað við 2024. Mest var aukningin í tilkynningum vegna tilfinningalegs ofbeldis þar sem fjölgunin nam 15,2% á milli ára. Tilkynningum um kynferðisofbeldi fjölgaði um 8,9% og tilkynningum um líkamlegt ofbeldi um 8,0%.

Tilkynningum vegna áhættu hegðunar fjölgaði um 15,9% árið 2025 samanborið við árið 2024 og um 32,8% ef miðað er við árið 2023. Fjölgunina er helst að sjá í undirflokkunum *barn kemur sér undan forsjá* (fjölgun um 38,1%) og *afbrot barns* (fjölgun um 27,9%), en einnig í flokkunum *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu* (fjölgun um 18,6%) og *barn beitir ofbeldi* (fjölgun um 16,6%). Fjölgun tilkynninga í flokknum *barn kemur sér undan forsjá* á sér stað hjá bæði stelpum og stráku en árið áður hafði aukningin fyrst og fremst átt sér stað á meðal stráka. Fjölgun tilkynninga í flokknum *afbrot barns* varðar frekar stráka en stelpur en árið 2025 sneru 78,4% slíkra tilkynninga að stráku. Flestar tilkynningar í flokknum *barn beitir ofbeldi* eru vegna stráka, eða 80,4% þeirra, en fjölgun slíkra tilkynninga árið 2025 á sér frekar stað á meðal stelpna, ólíkt þróuninni árið á undan.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 41,6% tilkynninga á árinu 2025, heldur hærra hlutfall en árin tvö á undan. Á eftir lögreglunni bárust helst tilkynningar frá skóla (15,2%) og heilbrigðiskerfinu (11,2%). Þá má sjá að stór hluti tilkynninga barst úr nánasta umhverfi barns en samanlagður fjöldi tilkynninga frá barninu sjálfu, ættingjum barns, nágrönnum og öðru nærumhverfi voru 2.469, eða 13,4% allra tilkynninga.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2025 var 13.905 börn, en árið á undan voru þau 12.658 og 11.754 árið 2023. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

¹ Í einhverjum tilvikum kann samanlagt prósentuhlutfall að vera 99,9% eða 100,1% vegna námundunar.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta

Fjöldi tilkynninga eftir kynjum

Kyn	2023		2024		2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Strákar	8.172	53,6	9.196	54,9	10.174	55,2
Stelpur	6.956	45,6	7.419	44,3	8.099	43,9
Stálp ¹	8	0,1	12	0,1	6	<0,1
Ekki vitað ²	104	0,7	124	0,7	150	0,8
Samtals	15.240	100	16.751	100	18.429	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv. lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019


²Tilkynningar geta borist vegna ófæðra bama.

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæðum

Landsvæði	2023		2024		2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	5.462	35,8	6.168	36,8	6.527	35,4
Nágrenni Reykjavíkur ¹	4.170	27,4	4.656	27,8	5.373	29,2
Landsbyggð	5.608	36,8	5.927	35,4	6.529	35,4
Samtals	15.240	100	16.751	100	18.429	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík:

Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	2023		2024		2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	3.979	33,9	4.444	35,1	4.716	33,9
Nágrenni Reykjavíkur ¹	3.342	28,4	3.491	27,6	3.995	28,7
Landsbyggð	4.433	37,7	4.723	37,3	5.194	37,4
Samtals	11.754	100	12.658	100	13.905	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	2023		2024		2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Strákar	6.343	54,0	6.958	55,0	7.694	55,3
Stelpur	5.313	45,2	5.578	44,0	6.078	43,7
Stálp ¹	5	<0,1	12	0,1	5	<0,1
Ekki vitað ²	93	0,8	110	0,9	128	0,9
Samtals	11.754	100	12.658	100	13.905	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	2023		2024		2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	7.124	60,6¹	7.274	57,5¹	7.904	56,8¹
<i>Strákar</i>	3.639	51,1	3.779	52,0	4.110	52,0
<i>Stelpur</i>	3.425	48,1	3.425	47,0	3.706	46,9
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	60	0,8	70	1,0	88	1,1
Þar af nýjar kannanir	3.681	31,3	3.499	27,6	3.272	23,5
<i>Strákar</i>	1.900	51,6	1.808	51,7	1.698	51,9
<i>Stelpur</i>	1.742	47,3	1.647	47,1	1.536	46,9
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	39	1,1	44	1,2	38	1,2

¹ Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

² Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatyhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatyhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarþjónustur flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu á börnum, ofbeldi gegn börnum, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	2023		2024		2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla á börnum	6.301	41,4	6.815	40,7	7.008	38,1
Ofbeldi gegn börnum	3.896	25,6	4.151	24,8	4.718	25,6
Áhættuhegðun barna	4.931	32,4	5.648	33,7	6.547	35,5
Vegna ófæddra barna	104	0,7	124	0,7	150	0,8
Alls	15.232	100	16.738	100	18.423	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatyhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019.

Auk þeirra tilkynninga sem hér koma fram, bárust 8 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatyhyggju á árinu 2023, 12 á árinu 2024 og 6 á árinu 2025. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga. Fyrir árið 2024 vantar upplýsingar um flokkun á einni tilkynningu.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirflokkum t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.


Vanræksla á börnum undirflokkar	2023		2024		2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	6.301		6.815		7.008	
<i>Strákar</i>	3.329	52,8	3.609	53,0	3.656	52,2
<i>Stelpur</i>	2.972	47,2	3.206	47,0	3.352	47,8
Líkamleg vanræksla	265		220		300	
<i>Strákar</i>	144	54,3	117	53,2	140	46,7
<i>Stelpur</i>	121	45,7	103	46,8	160	53,3
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	5.560		5.888		5.794	
<i>Strákar</i>	2.959	53,2	3.122	53,0	3.050	52,6
<i>Stelpur</i>	2.601	46,8	2.766	47,0	2.744	47,4
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	2.152		2.072		2.286	
<i>Strákar</i>	1.091	50,7	1.073	51,8	1.182	51,7
<i>Stelpur</i>	1.061	49,3	999	48,2	1.104	48,3
Vanræksla varðandi nám	257		273		262	
<i>Strákar</i>	129	50,2	154	56,4	152	58,0
<i>Stelpur</i>	128	49,8	119	43,6	110	42,0
Tilfinningaleg vanræksla	384		502		747	
<i>Strákar</i>	169	44,0	243	48,4	372	49,8
<i>Stelpur</i>	215	56,0	259	51,6	375	50,2

Ofbeldi gegn börnum undirflokkar	2023		2024		2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ofbeldi	3.896		4.151		4.718	
<i>Strákar</i>	1.962	50,4	2.047	49,3	2.367	50,2
<i>Stelpur</i>	1.934	49,6	2.104	50,7	2.351	49,8
Tilfinningalegt ofbeldi	2.270		2.318		2.671	
<i>Strákar</i>	1.175	51,8	1.172	50,6	1.350	50,5
<i>Stelpur</i>	1.095	48,2	1.146	49,4	1.321	49,5
Þar af hálfu náins aðila ¹	891		757		795	
<i>Strákar</i>	460	51,6	402	53,1	361	45,4
<i>Stelpur</i>	431	48,4	355	46,9	434	54,6
Líkamlegt ofbeldi	1.214		1.454		1.570	
<i>Strákar</i>	702	57,8	821	56,5	927	59,0
<i>Stelpur</i>	512	42,2	633	43,5	643	41,0
Þar af hendi náins aðila ¹	369		375		402	
<i>Strákar</i>	211	57,2	185	49,3	226	56,2
<i>Stelpur</i>	158	42,8	190	50,7	176	43,8
Kynferðisofbeldi	625		586		638	
<i>Strákar</i>	173	27,7	173	29,5	185	29,0
<i>Stelpur</i>	452	72,3	413	70,5	453	71,0
Þar af hendi náins aðila ¹	88		109		107	
<i>Strákar</i>	15	17,0	24	22,0	15	14,0
<i>Stelpur</i>	73	83,0	85	78,0	92	86,0
Þar af stafrænt kynferðisofbeldi	52		55		47	
<i>Strákar</i>	14	26,9	15	27,3	15	31,9
<i>Stelpur</i>	38	73,1	40	72,7	32	68,1

¹Hér hefur orðið breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðnotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila.

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	2023		2024		2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áhættuhegðun barna	4.931		5.648		6.547	
<i>Strákar</i>	2.887	58,5	3.538	62,6	4.150	63,4
<i>Stelpur</i>	2.044	41,5	2.110	37,4	2.397	36,6
Neysla barns á áfengi/vímuefnum	701		1.120		1.152	
<i>Strákar</i>	365	52,1	587	52,4	649	56,3
<i>Stelpur</i>	336	47,9	533	47,6	503	43,7
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.636		1.520		1.803	
<i>Strákar</i>	733	44,8	751	49,4	871	48,3
<i>Stelpur</i>	903	55,2	769	50,6	932	51,7
Barn kemur sér undan forsjá ¹	196		257		355	
<i>Strákar</i>	65	33,2	123	47,9	172	48,5
<i>Stelpur</i>	131	66,8	134	52,1	183	51,5
Afbrot barns	976		1.054		1.348	
<i>Strákar</i>	709	72,6	798	75,7	1.057	78,4
<i>Stelpur</i>	267	27,4	256	24,3	291	21,6
Barn beitir ofbeldi	1.072		1.307		1.524	
<i>Strákar</i>	847	79,0	1.080	82,6	1.225	80,4
<i>Stelpur</i>	225	21,0	227	17,4	299	19,6
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	489		523		553	
<i>Strákar</i>	237	48,5	281	53,7	303	54,8
<i>Stelpur</i>	252	51,5	242	46,3	250	45,2

¹Hér er um að ræða nýjan flokk en sambærilegar tilkynningar voru áður flokkaðar sem *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu*.



Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu

	2023		2024		2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu¹						
Strákar	456	54,7	431	47,6	437	49,5
Stelpur	368	44,2	457	50,5	421	47,7
Stálp eða ekki vitað ²	9	1,1	17	1,9	24	2,7
Samtals	833	100	905	100	882	100

¹ Frá 1. janúar 2021 hefur þessi skráning verið byggð á mati barnaverndarstarfsmanns.

² Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	2023		2024		2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	49	0,3	81	0,5	78	0,4
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	471	3,1	508	3,0	562	3,0
Nágrannar	576	3,8	718	4,3	885	4,8
Annað nærumhverfi barns	1.000	6,6	1.053	6,3	944	5,1
Önnur barnaverndarþjónusta	194	1,3	192	1,2	151	0,8
Félagsþjónusta/þjónustumiðstöð	441	2,9	510	3,0	474	2,6
Lögregla	5.768	37,8	6.644	39,7	7.668	41,6
Skólar	2.296	15,1	2.508	15,0	2.802	15,2
Leikskóli/dagforeldri	262	1,7	287	1,7	310	1,7
Íþróttir og tómstundarstarf	48	0,3	54	0,3	77	0,4
Heilbrigðisþjónusta	1.916	12,6	1.981	11,8	2.073	11,2
Foreldrar barns	1.092	7,2	1.136	6,8	1.097	6,0
Aðrir	1.127	7,4	1.079	6,4	1.308	7,1
Samtals	15.240	100	16.751	100	18.429	100